

**Nd.**

**254. Breytingartillaga**

[18. mál]

við frv. til umferðarlaga.

Frá Pétri Péturssyni, Gísla Guðmundssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 27. gr. Á eftir 4. málsg. komi ný málsg., þannig:

Ef leigubifreiðastjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta hann réttindum leigubifreiðastjóra svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjóraráfélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.